

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 9. desember 2022

Mál nr. S-325/2022:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
(Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Guðna Björnssyni
(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

Saraunas Raila
(Áslaug Lára Lárusdóttir lögmaður)

og

Dovydas Raila
(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. október sl., höfðaði Lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru 5. febrúar 2022 á hendur:

„Guðna Björnssyni, kennitala: 000000-0000,

[...],

Saraunas Raila, kennitala: 000000-0000,

[...] og

Dovydas Raila, kennitala: 000000-0000,

[...],

fyrir eftirtalin brot á almennum hegningarlögum auk brota á vopnalögum og lögreglulögum:

I.

Gegn ákærðu Guðna, Saraunas og Dovydas fyrir húsbrot með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020, í félagi, spennt upp hlera á lúgu á hlið húsnæðisins að [...], og í kjölfarið farið inn í húsnæðið í gegnum lúguna án leyfis umráðamanns húsnæðisins, A, kt. 000000-0000, og hafst þar við allt þar til lögregla kom á staðinn.

Telst háttsemi ákærðu varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Dovydas, fyrir líkamsárás og brot á vopnalögum með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020 að [...], haft í fórum sínum svartan Pjeffer KO Jet piparúðabrúsa og sprautað piparúða á brjóstkassa og í andlit A, kt. 000000-0000, allt með þeim afleiðingum að A hlaut roða og sviða í andliti og augum auk tímabundinnar skerðingar á sjón.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

III.

Gegn ákærða Guðna, fyrir brot á lögreglulögum með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020, að [...], ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum lögreglumanna um að yfirgefa húsnæðið, í kjölfar afskipta vegna ákæruliðar nr. I, en ákærði var í kjölfarið handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Telst háttsemi ákærða varða við 19. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerð verði upptækur svartur Pjeffer KO Jet piparúðabrúsi (munur í munaskrá lögreglu nr. [...]) skv. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.“

Ákærðu krefjast allir sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefjast verjendur málsvarnarlauna samkvæmt tímaskýrslu sem greiðist úr ríkissjóði.

I.

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum barst tilkynning frá Fjarfskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) um yfirstandandi innbrot í fiskvinnslufyrirtæki að [...]. Aðilar hafi sést fara inn í húsnæðið í gegnum eftirlitsmyndavélar á staðnum og kvaðst tilkynnandi vera sjálfur á leið á vettvang. Enga hreyfingu var að sjá við [...] og höfðu lögreglumenn samband við FMR sem gaf þeim upp síma hjá tilkynnanda. Þegar lögregla hafði samband við tilkynnanda kvaðst hann hafa gefið upp rangt heimilisfang og sagði innbrotið vera að [...]. Þegar lögregla kom á vettvang sáu þeir sex aðila framan við og inni í húsnæðinu. Á móti þeim kom A, brotápoli og leigutaki, rauður um augun og sagði aðilana sem stóðu inni í húsnæðinu hafa sprautað á sig. Lögreglumaður sá ákærða Davydas halda á kúbeini og piparúða, sem ákærða var skipað að leggja frá sér og var hann handtekinn og kynnt að hann væri grunaður um

vopnalagabrot. Ákærði Saraunas hélt einnig á kúbeini. Inni í húsnæðinu var ákærði Guðni sem hafði mætt þangað með ákærðu Saraunas og Dovydas og höfðu þeir komið inn í húsnæðið í gegnum lúgu á suðurhlíð. Ákærði Guðni sagði það vera vegna þess að brotþoli væri búinn að byrgja fyrir allar aðrar aðkomuleiðir inn í húsið. Með brotþola voru B, sonur hans, og C, vinur B.

Ágreiningur hafi verið milli brotþola sem leigutaka og ákærða Guðna sem eiganda og leigusala vegna húsnæðis að [...]. Ákærði Guðni kvaðst ekki yfirgefa húsnæðið og vildi ekki að brotþoli hefði aðgang að því. Eftir að hafa skoðað gögn frá báðum aðilum varðandi leigusamning hafði lögregla samband við löglærðan fulltrúa á vakt og í samráði við hann var öllum gert að yfirgefa húsnæðið. Ákærði Guðni neitaði að yfirgefa húsnæðið og var hann handtekinn fyrir að fara ekki eftir fyrir mælum lögreglu.

Tekin var vettvangsskýrsla af ákærða Dovydas vegna vopnalagabrots. Þar sagðist hann hafa fengið piparúðann hjá föður sínum og notað hann til að verja sig.

Brotþoli kom á lögreglustöðina í Reykjanesbæ 7. september 2020 til að leggja fram kæru. Hann kvaðst hafa tekið eftir í myndavélakerfi að [...] að aðilar væru komnir inn. Brotþoli kvaðst hafa hringt í son sinn, sem hafði haft samband við lögreglu. Brotþoli kvaðst hafa séð að lögreglan var að nálgast. Hann hafi opnað stóra hurð til að auðvelda lögreglu að komast inn en þegar hurðin hafi opnast hafi ákærði Dovydas sprautað piparúða eða einhverju efni í augun á honum. Brotþoli kvað ákærðu Dovydas og Saraunas hafa komið áður og hótað sér, ýmist tveir eða með ákærða Guðna til að koma sér út úr húsnæðinu. Brotþoli kvað ákærða Dovydas hafa verið um tvo metra frá sér. Aðspurður um upptökur af húsbrotinu kvaðst brotþoli ekki vera með þær því að ákærðu hefðu skemmt myndavélarnar og tekið búnað með upptökunum. Brotþoli kvaðst hafa farið á heilsugæsluna á Suðurnesjum vegna áverka og verið sendur til læknis. Brotþoli krafðist þess að sakamál yrði höfðað gegn öllum ákærðu vegna húsbrots og ákærða Dovydas vegna líkamsárásar.

Meðal gagna málsins eru staðfest læknisvottorð D, sérfræðings í heilsugæslulækningum, og E læknis, báðir við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, vegna áverka brotþola sem leitaði þangað sömu nótt. Í vottorði E kemur fram að brotþoli hafi lýst sviðandi verk í auga og móðusýni. Roði hafi verið í slímhúð (conjunctiva) sem hafi sést verri og aðeins greind bólgumerki. Í vottorði D sem unnið var upp úr sjúkraskrá kemur fram að brotþoli hafi fengið ertandi efni í bæði augun og verið með sjónskerðingu fyrstu dagana en hún virðist vera að ganga til baka. Einnig liggja fyrir afrit leigusamnings

sem dagsettur er 20. ágúst 2019 til tveggja ára milli félags ákærða Guðna Björnssonar sem leigusala og félags brotþola sem leigutaka, afrit bréfs dagsett 26. apríl 2020 vegna riftunar leigusala á leigusamningnum, afrit bréfs lögmanns f.h. leigutaka dagsett 30. apríl 2020 þar sem riftun er mótmælt og afrit bréfs lögmanns leigusala dagsett 26. júní 2020 þar sem leigusamningnum er rift á ný. Við rannsókn málsins voru teknar skýrslur af öðrum vitnum sem gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins.

II.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærði Saraunas Raila kvað meðákærða Guðna vera kunningja sinn en sonur sinn, meðákærði Dovydas, hafi leigt húsnæðið af meðákærða Guðna og verið byrjaður að greiða leigu. Meðákærði Guðni hafi beðið þá um að koma með sér að skoða húsnæðið og þeir farið inn um gat í veggnum. Aðspurður hvers vegna þeir hafi ekki farið inn um dyrnar kvað ákærði meðákærða Guðna ekki hafa verið með lykla og auðvelt að komast inn um gatið sem hafi verið opið. Aðspurður um ástæðu þess að þeir hafi farið um nótt hafi verið að þeir væru að vinna á daginn. Aðspurður kvaðst ákærði hafa vitað að brotþoli hafi verið með húsnæðið til umráða en brotþoli verið að flytja út því að sá samningur hafi ekki verið lengur í gildi, samkvæmt því sem meðákærði Guðni hafi sagt. Ákærði kvaðst ásamt meðákærða Dovydas hafa talað við brotþola 2-3 mánuðum áður og brotþoli sagst vera að flytja út. Ákærði kvaðst hafa fengið þær upplýsingar hjá meðákærða Guðna að mögulega væri húsnæðið tóm og að meðákærði Guðni hafi sagt sér að hann hafi verið búinn að fá leyfi hjá lögreglu. Nánar aðspurður um ástæðu þess að fara inn í húsnæðið kvað ákærði þá hafa farið til að ná í vélar í húsinu sem meðákærði Guðni hafi átt en Guðni hafi sýnt ákærða gögn um að eiga vélarnar. Ákærði kvaðst aðspurður hafa vitað að lögmenn væru að vinna í deilum meðákærða Guðna og brotþola vegna húsnæðisins.

Ákærði kvaðst hafa heyrt umgang við stóra hurð sem hafi opnast og þá séð þrjá menn, þar á meðal brotþola, sem hafi verið öskrandi og veifandi járnverkfæri. Ákærði kvaðst strax hafa séð að lögreglan væri á leiðinni með blikkandi ljós. Brotþoli hafi nálgast alla ákærðu sem hafi sagt honum að stoppa því að lögreglan væri að koma. Brotþoli hafi ekki sinnt því og reynt að henda járnverkfærinu í meðákærða Dovydas sem hafi komið sér undan og úðað í kringum sig til að verja sig.

Ákærði Dovydas Raila kvaðst hafa verið búinn að skrifa undir kaupleigusamning við meðákærða Guðna. Ákærði kvaðst hafa farið með föður sínum meðákærða Saraunas

og meðákærða Guðna og haldið að brotþoli væri fluttur en þeir hafi ætlað að kanna ástand hússins. Þeir hafi farið í gegnum loftræstigat. Aðspurður hvers vegna þeir hafi farið að nóttu til í húsnæðið kvað ákærði það hafa verið vegna þess að þeir hafi verið að vinna á daginn fyrir vestan. Ákærði kvaðst aðspurður hafa vitað að brotþoli leigði húsnæðið en jafnframt vitað að meðákærði Guðni hafi verið búinn að rifta þeim samningi. Aðspurður kvaðst ákærði hafa haldið að leigutaki væri farinn út, ekki haft annað en orð meðákærða Guðna fyrir því og talið að þeir væru í fullum rétti.

Þeir hafi heyrt í tveimur bílum, hurðin hafi opnast en þeir séð brotþola sem hafi öskrað „rottunar ykkar“ og barið í gólfið með járnþriki. Ákærði kvað sér hafa fundist rétt að gera eitthvað í stöðunni og því úðað á brotþola til að vernda sig og aðra ákærðu sem hafi staðið allir saman. Ákærði kvað lögreglu hafa verið að koma þegar hurðin hafi opnast og verið komna á staðinn stuttu síðar en kvaðst ekki hafa séð lögregluna þegar hann úðaði. Aðspurður hvers vegna ákærði hafi verið með piparúða á sér kvaðst ákærði hafa lent í árás árið 2017 og alltaf vera með piparúða á sér eftir það. Nánar aðspurður kvað ákærði brotþola hafa verið ógnandi, haldið stönginni á lofti og kastað henni að ákærða um leið og ákærði úðaði á hann. Ákærði kvaðst aðspurður hafa verið hræddur því að hann viti að brotþoli hafi ráðist á meðákærða Guðna en hann hafi ekki ætlað að valda brotþola tjóni. Aðspurður kvaðst ákærði hafa getað fært sig frá brotþola sem hafi verið um það bil 2-3 metra frá sér.

Ákærði Guðni Björnsson kvaðst þekkja meðákærðu Saraunas og Dovydas gegnum viðskipti. Ákærði kvaðst hafa haft samband við F hjá lögreglunni í Keflavík og tjáð honum að ákærði ætlaði inn í húsnæðið þar sem hann vissi ekki hvort brotþoli væri farinn þaðan. F hafi tjáð sér að lögreglan gæti ekkert gert og tæki ekki afstöðu til þess enda væri þetta persónulegt. Það eina sem lögreglan gæti gert væri að vera þarna í nágrenninu. Meðákærðu, sem hafi verið væntanlegir leigutakar, hafi verið að vinna fyrir vestan og ætlað að skoða húsnæðið sem væntanlegir kaupendur. Aðspurður kvaðst ákærði hafa upplýst meðákærðu að hann mætti vera í húsnæðinu. Þeir hafi farið inn um lúgu sem brotþoli hafi sett á veginn sem ákærði hafi vitað um en brotþoli hafi verið búinn að skipta um skrá. Þeir hafi séð þrjá menn koma og hafi opnað stóru hurðina. Brotþoli hafi komið vaðandi inn, berjandi í gólfið, öskrandi og „ætlaði greinlega að berja okkur með þessu járnþriki“. Allir ákærðu hafi staðið saman og ekki hafi verið hægt að sjá á hvern brotþoli ætlaði að ráðast. Ákærði kvaðst hafa haft réttmæta ástæðu til að óttast brotþola sem hafi áður ráðist á ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa séð hver hafi

úðað brotþola en sagðist þakklátur fyrir það því það hafi bjargað lífi þeirra. Nánar aðspurður hvort lögreglan hafi verið búin að gefa ákærða leyfi til að fara inn í húsnæðið kvað ákærði lögregluna ekki hafa gert athugasemd við það. Aðspurður hvort ákærði hafi leitað til sýslumanns varðandi útburð á leigutaka eða hann hafa verið búinn að afhenda húsnæðið, kvað ákærði að svo hafi ekki verið.

Ákærði kvaðst hafa sýnt lögreglu öll gögn um húsnæðið, afsal og riftanir, en hafa þrátt fyrir það verið handtekinn í eigin húsi. Ákærði kvaðst ekki hafa óskað eftir því við brotþola að fá aðgang að húsnæðinu. Nánar aðspurður hvers vegna ákærði hafi ekki óskað eftir útburði á brotþola eins og lög geri ráð fyrir svaraði ákærði: „Hver átti að borga það og hvað tekur það langan tíma?“ Aðspurður kvað ákærði brotþola hafa fengið dóm fyrir líkamsárás gagnvart sér en eftir það hafi ákærði ekki haft ástæðu til að fara eftir einhverjum reglum, sem hann hafi þó reynt gera og í samvinnu við lögregluþyfirvöld á Suðurnesjum. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið við beiðni lögreglu um að yfirgefa húsnæðið „ég taldi mig vera í fullum rétti í mínu eigin húsnæði með öll gögn í höndunum og framvísaði þeim.“ Brotþoli hafi hins vegar ekki þurft að sýna lögreglu nein gögn og fengið að ganga inn í húsnæðið. Ákærði kvaðst hafa lagt til að lögmenn þeirra hittust daginn eftir til að útkljá málið en því hafi verið hafnað.

Brotþoli, A, kvaðst hafa fylgst með hinu leigða húsnæði í myndavélakerfi því að mennirnir sem réðust á sig hafi verið búnir að koma áður og hóta sér og þeir hafi alltaf verið að tala um 1. september. Brotþoli kvað hafa slokknað á öllu en hafa þá hringt í son sinn og beðið hann um að hringja á lögregluna. Brotþoli kvaðst hafa komið einn á staðinn en sonur sinn og vinur hans hafi verið komnir á undan. Brotþoli kvaðst hafa opnað hurðina með fjarstýringu því að hann hafi vitað að lögreglan væri á leiðinni og hurðin væri lengi að opnast. Um leið og hurðin hafi opnast hafi verið sprautað á sig en einn hinna ákærðu hafi verið með höfuðljós. Lögreglan hafi komið nánast á sama tíma. Aðspurður hvort brotþoli hafi haldið á járnþriki og sagt eitthvað þegar hurðin opnaðist neitaði brotþoli hvorutveggja og kvaðst hafa verið hræddur frekar en reiður. Aðspurður hvar sonur brotþola og vinur hans hafi verið kvað brotþoli vin sonar síns hafa verið fyrir aftan sig en kvaðst ekki muna hvar sonur sinn hafi verið. Brotþoli kvaðst ekki hafa getað opnað annað augað í 2 klukkustundir vegna úðans. Hann kvaðst hafa farið á bráðamóttökuna í Keflavík daginn eftir og síðan til Reykjavíkur. Enginn varanlegur skaði hafi hlotist af.

Aðspurður kvaðst brotþoli vera fyrirsvarsmaður leigutaka en kvaðst ekki muna hvort hann hafi fengið riftunarbréf vegna leigusamningsins. Ákærði Guðni hafi ekki látið brotþola vita að hann vildi koma umrætt sinn, í samræmi við ákvæði leigusamnings. Nánar aðspurður kvaðst brotþoli ekki hafa greitt leigugreiðslur samkvæmt samningi í ágúst og september enda hafi hann verið hrakinn úr húsnæðinu. Aðspurður kvaðst brotþoli ekki hafa verið búinn að afhenda ákærða Guðna húsnæðið á þeim tíma er atvik urðu. Brotþoli kvaðst hafa rýmt húsnæðið um miðjan september um leið og hann hafði fengið nýtt húsnæði en kvaðst ekki muna hvort hann hafi látið ákærða Guðna vita af því.

Vitnið D læknir, læknanúmer 1471, staðfesti vottorð vegna brotþola dagsett 26. september 2020 og kvaðst hafa unnið það upp úr málakerfi spítalans en hann hafi ekki hitt brotþola sjálfur.

Vitnið E læknir, læknanúmer 1713, staðfesti vottorð dagsett 29. september 2020 auk þess að hafa hitt brotþola og skoðað hann á bráðamóttöku 2. september sama ár.

Vitnið B, sonur brotþola, kvaðst hafa verið með vinum sínum í Keflavík þegar brotþoli hafi hringt í sig og beðið sig um að hringja í lögregluna því að einhverjir væru komnir inn í húsnæðið. Hann kvaðst hafa komið á staðinn með vini sínum, C, en þeir hafi beðið eftir brotþola sem hafi komið stuttu síðar. Aðspurður kvaðst hann hafa gefið lögreglunni óvart upp rangt heimilisfang þar sem þeir feðgar hafi verið áður í æsingnum. Hann kvaðst ekki hafa séð brotþola fara inn í húsið eða atvik að öðru leyti en hann hafi séð brotþola halda um augun og menn með höfuðljós þegar hann kom að. Kvaðst hann hafa verið við horn hússins þegar atvik urðu en vin sinn hafa verið með brotþola. Aðspurður kvað hann hvorki brotþola né vin sinn hafa verið með neitt í höndunum.

Vitnið C kvaðst vera besti vinur B, sonar brotþola, og hafa verið að spila með vinum í Keflavík. Hann kvaðst aðspurður ekki muna eftir að brotþoli hafi hringt í B en kvaðst halda að B hafi fengið viðvörun í símann. B hafi þá talað við brotþola og síðan hringt í lögregluna. Aðspurður kvað hann B hafa sagt að sést hafi í myndavélum að búíð væri að brjótast inn í vinnsluna. Þeir B hafi síðan farið að húsnæðinu og beðið þar eftir brotþola stutta stund, innan við 10 mínútur. B hafi farið aftur fyrir húsið en hann sjálfur hafi staðið skáhallt fyrir aftan brotþola. Hurð hafi opnast á húsinu og þar hafi verið þrír menn liðlega 2-3 metra frá hurðinni. Aðspurður hvort brotþoli, sonur hans eða vitnið hafi verið með eitthvað í höndunum, neitaði vitnið því. Vitnið kvaðst hafa heyrt í lögreglunni en brotþoli hafi farið nær mönnum, þeir talað eitthvað saman og brotþoli svo komið út haldandi um augun en þá hafi lögreglan verið mætt á staðinn.

Lögreglumaður 1 kvaðst vera aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum og stýra almennri deild. Vitnið kvaðst ekki hafa farið á vettvang en ákærði Guðni hafi komið nokkrum sinnum til sín og reifað málið auk þess að hafa samband símleiðis og senda tölvupósta. Aðspurður um það hvort ákærði Guðni hafi upplýst um að hann ætlaði inn í húsnæðið, og lögreglumaðurinn tjáð honum að það væri í lagi, kvað hann það ekki vera rétt. Hann kvað ákærða Guðna hafa komið til sín og hafa þá ráðfært sig við menn innan embættisins. Kvaðst hann hafa sagt ákærða Guðna að leigusamningurinn væri þeirra einkamál en kvaðst hvorki hafa hvatt hann né heimilað honum að fara þangað.

Lögreglumaður 2 staðfesti skýrslur sínar og kvaðst hafa komið fyrstur að brotavettvangi ásamt öðrum lögreglumanni. Þar hafi leigutaki verið fyrir utan og búið að piparúða hann. Tveir aðilar hafi staðið í stórum dyrum með kúbein og annar þeirra með piparúða, en sá hafi verið handtekinn. Sá handtekni hafi sagst hafa varið sig með úðanum. Aðspurður kvaðst vitnið hafa séð járnstöng vinstra megin á gólfinu inni í húsinu en kvaðst ekki vita hver hafi verið með hana. Hringt hafi verið á lögfræðisvið lögreglunnar þar sem leigusali, ákærði Guðni, hafi verið á staðnum og farið inn í óþökk leigutaka. Vitnið kvað aðspurður fulltrúa á lögfræðisviði hafa sagt að leigusali ætti að yfirgefa húsið. Farið hafi verið yfir með ákærða Guðna að hann ætti að fara út og hann beðinn ítrekað um það en hann hafi neitað því. Vitnið kvaðst ekki muna hvort upptökur hafi verið á staðnum.

Lögreglumaður 3 staðfesti skýrslu sína. Vitnið kvaðst aðspurt hafa komið með öðrum lögreglumanni á vettvang en kvaðst ekki muna hvernig aðstæður hafi verið þegar þau komu. Vitnið kvaðst hafa verið með hinum handtekna sem hafi verið með kúbein og úðabrúsa. Aðspurt kvað vitnið tilkynnanda hafa talað um eftirlitsmyndavélar inni í húsnæðinu því að tilkynnandi kvaðst hafa séð aðila þar inni en viti ekki til þess að það hafi verið kannað nánar. Vitnið kvaðst ekki muna eftir að hinn handtekni hafi sagt að ráðist hafi verið á sig með járnstöng en að úðabrúsinn hafi verið tekinn.

Lögreglumaður 4 kvaðst ekki hafa verið fyrstur á vettvang en hafa komið til að liðsinna vegna ágreinings vegna innbrots. Aðspurður hvort myndbands- upptökuvélar hafi verið á staðnum kvaðst vitnið minna að tilkynnandi hafi séð í öryggismyndavél að einhverjir væru í húsnæðinu. Aðspurt kvað vitnið sig minna að ágreiningur hafi verið vegna vangoldinnar leigu og leigusali hafi viljað taka tæki úr húsnæðinu. Samband hafi verið haft við lögfræðisvið þar sem um einkamál hafi verið að ræða. Vitnið kvaðst hafa

fengið þau fyrirmæli að losa alla aðila af vettvangi og húsinu hafi verið lokað. Ákærða Guðna hafi margoft verið gefin fyrirmæli um að yfirgefa húsið, hann hafi viljað ráðfæra sig við lögmann en ekki náð í hann og hafi þrátt fyrir það neitað að yfirgefa húsnæðið og viljað láta handtaka sig frekar en að yfirgefa húsnæðið. Vitnið kvaðst muna eftir að hafa séð járnstöng sem sér hafi verið bent á og hefði legið inni í húsinu en kvaðst ekki muna hver hafi bent sér á hana. Vitnið kvað sig minna að einhver hafi verið ógnandi með stöngina. Vitnið kvaðst ekki hafa athugað með upptöku.

Lögreglumaður 5 kvaðst hafa fengið útkall vegna innbrots í fiskvinnslu í Garði. Á vettvangi hafi verið þrír menn inni í húsinu og þrír fyrir utan. Brotapoli, sem kvaðst hafa verið úðaður, hafi staðið fyrir utan auk sonar síns og vinar hans. Brotapoli hafi bent lögreglu á ákærða Dovydas sem hafi haldið á úðabrúsa og kúbeini og verið handtekinn. Aðspurt kvaðst vitnið hafa séð járnstöng á vettvangi en ekki muna hvar hún hafi verið. Vitnið kvaðst heldur ekki muna hvort ákærði Dovydas hafi sagst hafa verið að verja sig með piparúðanum. Ágreiningur hafi verið um húsnæðið og haft samband við lögfræðisvið til að komast að því hver ætti rétt á að vera í húsnæðinu en tekin hafi verið ákvörðun um að allir ættu að yfirgefa húsnæðið. Ákærða Guðna hafi verið boðið að fara út sem hann hafi ekki viljað gera og því hafi hann verið handtekinn fyrir að fara ekki að fyrirmælum.

Lögreglumaður 6 kvaðst hafa fengið tilkynningu um innbrot og hafa komið á vettvang rétt á eftir fyrsta lögreglubíl. Á vettvangi í hurðargætt stórra bílskúrsdýra hafi verið meðal annars brotapolí sem hafi fengið piparúða framan í sig og mikill ágreiningur í gangi. Sá sem hafi úðað hafi verið handtekinn. Vitnið kvaðst ekki muna eftir járnstöng en kvaðst muna eftir að einn hafi haldið á kúbeini og að hafa séð piparúðabrúsa en vitnið kvaðst ekki hafa séð um það mál. Ákærði Guðni hafi einnig verið handtekinn fyrir að fara ekki að fyrirmælum lögreglu í samræmi við ákvörðun um að allir ættu að yfirgefa húsið. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa séð tölvubúnað né eftirlitsmyndavél á vettvangi en brotapolí hafi sagt að í húsinu væri eftirlitsmyndakerfi.

Rannsóknarlögreglumaður 7 kvaðst hafa komið að rannsókn málsins og rætt við alla málsaðila og vitni málsins. Vitnið kvaðst aðspurt minna að ekki hafi verið eftirlitsmyndavélakerfi í húsinu en það hafi ekki verið rannsakað sérstaklega. Vitnið kvaðst ekki hafa farið á brotavettvang. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt öðrum rannsakarum á vettvang í Sandgerði, þar sem hafi átt að vera tæki vegna meints þjófnaðar brotþola á tækjum í eigu ákærða Guðna, og tekið myndir.

III.

Forsendur og niðurstaða

Ákæruliður I.

Ákærðu Guðni, Saraunas og Dovydas, eru ákærðir samkvæmt ákærulið I fyrir húsbrot með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020, í félagi, spennt upp hlera á lúgu við hlið húsnæðisins að [...], og í kjölfarið farið inn í húsnæðið í gegnum lúguna án leyfis umráðamanns húsnæðisins, A, og hafst þar við allt þar til lögregla kom á staðinn. Brot þeirra eru í ákæru talin varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærðu neita allir sök. Ákærðu halda því fram að brotþoli hafi ekki verið réttmætur umráðamaður hins leigða húsnæðis þar sem búíð hafi verið að rifta leigusamningi, í fyrra skipti vegna persónulegrar meingerðar en fyrir liggja áður nefndur dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. [...] þar sem brotþoli hafi verið dæmdur fyrir líkamsárás gagnvart ákærða Guðna. Þá hafi riftun verið ítrekuð og brotþoli verið dæmdur til að greiða vangoldna leigu í ágúst og september 2020 vegna húsnæðisins, með dómi Héraðsdóms Reykjaness [...] í máli nr. [...]. Ákærðu bera allir að ákærði Guðni hafi tjáð meðákærðu Saraunas og Dovydas að hann væri búinn að rifta leigusamningi við brotþola, sem hefði heldur ekki greitt leigu og hefði af þeim sökum ekki heimild til að vera í húsnæðinu. Því hafi þeir talið sig vera í fullum rétti. Þá hafi þeir talið að brotþoli væri búinn að rýma húsnæðið. Að teknu tilliti til alls framangreinds geti ákærðu ekki talist hafa haft ásetning til húsbrots.

Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. sömu laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Samkvæmt fyrsta málslíð 231. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum ef maður ryðst heimildarlaust inn í hús eða niður í skip annars manns, eða annan óheimilan stað, eða synjar að fara þaðan, þegar skorað er á hann að gera það.

Af gögnum málsins liggur fyrir að félag í eigu ákærða Guðna sem leigusali og félag í eigu brotþola sem leigutaki höfðu gert leigusamning um húsnæðið að [...], til tveggja ára en upphafstími leigu var 1. september 2020. Af gögnum málsins er einnig

ljóst að tilgreindum leigusamningi hafði verið rift tvívegis af hálfu leigusala en þeim riftunum hafi ekki verið fylgt eftir með aðfararbeiðnum og leigutaki, sem ekki hafði fallist á riftun, var enn með umráð húsnæðisins. Af þeim sökum liggur fyrir að mati dómsins að brotþoli fór með lögformleg umráð hins leigða húsnæðis þegar atvik urðu og hafði ekki veitt ákærðu leyfi til að vera þar. Ekki er ágreiningur í málinu um að allir ákærðu voru inni í húsinu þegar lögreglu bar að garði.

Ákærði Guðni viðurkenndi fyrir dómi að hafa ekki farið lögformlega leið og óskað útburðar leigutaka hjá embætti sýslumanns þar sem það hafi bæði verið tímafrekt og dýrt. Af gögnum málsins er ljóst að ákærði naut þjónustu lögmanns vegna deilna hans og brotþola um húsnæðið. Þá telur dómurinn að ákærðu Saraunas og Dovydas hafi mátt vera hið sama ljóst, þrátt fyrir fullyrðingar um að ákærði Guðni hafi tjáð þeim að hann væri í fullum rétti, en þeir báru báðir fyrir dómi að hafa farið og hitt brotþola nokkrum sinnum vegna afhendingar húsnæðisins sem brotþoli hafi hafnað. Þeir hafi jafnframt mátt gera sér grein fyrir því að fara þurfi lögformlega leið til að bera leigutaka út úr húsnæði en ákærði Saraunas bar fyrir dómi að hann hafi vitað að lögmennt væru að vinna fyrir bæði brotþola og ákærða Guðna vegna deilna um leigusamninginn. Auk þess báru ákærðu Saraunas og Dovydas fyrir dómi að þeir hafi haldið að brotþoli væri fluttur og þeir farið til að skoða húsnæðið en nánar aðspurður breytti ákærði Saraunas framburði sínum og kvað þá hafa farið til að ná í tæki í eigu ákærða Guðna. Er framburður þeirra beggja í ósamræmi við framburð þeirra hjá lögreglu en þar kom fram að ákveðið hafi verið að fara í húsnæðið að næturlagi til að taka dót brotþola þegar hann væri ekki á staðnum og skipta um lás svo að hann kæmist ekki inn. Er framburður ákærðu Saraunas og Dovydas fyrir dómi metinn ótrúverðugur í ljósi framangreinds. Í þessu sambandi verður einnig lagt til grundvallar að mati dómsins að hvað sem upplýsingagjöf ákærða Guðna hafi liðið, hafi ákærðu Saraunas og Dovydas ekki getað dulist að þeir hefðu ekki heimild til að fara inn í húsnæðið með því að spenna upp hlera á hlið hússins í skjóli nætur, vopnaðir kúbeinum og piparúða án þess að hafa lykla að húsnæðinu. Að öllu þessu virtu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að allir ákærðu hafi gerst sekir um þá háttsemi sem lýst er í I. kafla ákæru og er brot þeirra þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Ákæruliður II.

Ákærði Dovydas er í ákærulið II ákærður fyrir líkamsárás og brot á vopnalögum með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020 að [...], haft í fórum sínum svartan

Pjeffer KO Jet piparúðabrúsa og sprautað piparúða á brjóstkassa og í andlit brotþola, allt með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut roða og sviða í andliti og augum auk tímabundinnar skerðingar á sjón. Er háttsemi ákærða talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og 1. og 4. mgr. 30. gr., sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Ákærði neitar sök og kveðst hafa beitt neyðarvörn sem leiði til sýknu, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hafi beitt sjálfsvörn sem ekki hafi gengið lengra en yfirvofandi árás og það tjón sem af henni mátti vænta hafi gefið ástæðu til, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Vísar ákærði í þessu sambandi sérstaklega til þess að ákærði hafi vitað að brotþoli hafði gerst sekur um líkamsárás gagnvart leigusala Guðna.

Fyrir liggur að brotþoli var fundinn sekur um líkamsárás sem átti sér stað gagnvart Guðna Björnssyni í apríl 2020 og dæmdur í skilorðsbundna refsingu með dómi Héraðsdóms Reykjaness [...] í máli nr. [...]. Þá er óumdeilt að brotþoli vissi að lögreglan var á leiðinni á vettvang, að lögregluna hafi borið að garði nánast jafnskjótt og atvik þau sem ákært er fyrir áttu sér stað og að ákærði og aðrir í vettvangi sáu lögregluna vera að koma er atvik gerðust. Einnig er óumdeilt í málinu að ákærði hélt á kúbeini auk þess að vera með piparúða, að faðir ákærða, Saraunas, hélt einnig á kúbeini og þeir stóðu saman ásamt Guðna Björnssyni inni í húsinu þegar brotþoli kom inn um opnar dyr. Ágreiningur er um það hvort brotþoli hafi haldið á járnörri og ógnað ákærða og félögum hans og hent því að ákærða sem hafi varist með því að úða brotþola með piparúða.

Samkvæmt framburði lögreglumanna sem komu á vettvang liggur fyrir að járnþrik hafi legið á gólfi húsnæðisins en það hafi ekki verið rannsakað frekar. Framburður brotþola og vitnanna B og C fyrir dómi voru í samræmi við framburð þeirra hjá lögreglu um að brotþoli hafi ekki haldið á neinu er atvik urðu. Í því sambandi er til þess að líta að B er sonur brotþola en auk þess var framburður hans fyrir dómi ekki í samræmi við framburð í lögregluskýrslum. Fyrir dómi kvaðst vitnið ekki hafa séð atvik því að hann hafi staðið annars staðar og komið að eftir að úðað hafði verið á brotþola. Í lögregluskýrslu kvaðst vitnið hafa staðið á ská fyrir aftan brotþola, séð hurð opnast á húsnæðinu, einn aðila rétta út höndina og úðað. Þá hafi brotþoli snúið sér við og haldið um augun. Þrátt fyrir að framburður vitnisins C hafi verið sá sami fyrir dómi og hjá lögreglu um að brotþoli hafi ekki haldið á neinu áhaldi þegar hann gekk að ákærða verður ráðið af framangreindu að ekki er með öllu útilokað að brotþoli hafi haldið á járnþriki er atvik urðu.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hafi ætlað að verja föður sinn og Guðna en brotþoli hafi hent járnþrikinu í átt að ákærða um leið og hann hafi úðað brotþola á sama tíma. Í lögregluskýrslu greindi ákærði ekki frá þessu atriði þráspurður um atvik málsins. Hins vegar svaraði hann því til, eftir að hafa verið spurður af lögreglu hvort ákærði hefði slasast í átökunum, að svo væri ekki, en eftir að ákærði hafi úðað á brotþola hafi brotþoli reynt að kasta stálþrikinu í ákærða en ekki tekist. Í ljósi þessa er framburður ákærða metinn ótrúverðugur. Til þess er einnig að líta að í lögregluskýrslu greindi faðir ákærða, vitnið Saraunas, svo frá að brotþoli hefði ráðist að ákærða með járnror í hendi og stoppað eftir að ákærði hafi úðað á brotþola. Vitnið Guðni bar fyrir dómi að brotþoli hafi auðsjáanlega ætlað að berja þá alla. Hvorugt vitnanna greindi frá því að brotþoli hafi hent járnþrikinu að ákærða og eru vitnisburðir þeirra að atvikum því ekki í samræmi við framburð ákærða sjálfs. Af framburði ákærða sjálfs fyrir dómi, sem staðfestur var af öðrum á vettvangi, var brotþoli í liðlega 2-3 metra fjarlægð frá ákærða og þeim sem stóðu inni í húsinu þegar ákærði úðaði á brotþola. Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa getað hörfað undan brotþola.

Ákærði ber sönnunarbyrðina fyrir því að fyrir hendi séu atvik sem horft geti honum til refsileysis, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 11. september 2014 í máli nr. 233/2014. Aðstæður á brotastað voru miðað við framangreint með þeim hætti að ákærði var vopnaður piparúða og kúbeini, faðir ákærða var einnig með kúbein auk þess sem þeir voru í félagi við þriðja mann. Af framburði ákærða og vitnisburði annarra liggur fyrir að brotþoli fór einn á móti þeim þremur á sama tíma og brotþoli vissi að lögreglan var á leiðinni en auk þess er upplýst að ákærði og önnur vitni sáu lögregluna vera að koma á vettvang er atvik áttu sér stað. Í ljósi framangreinds verður að mati dómsins ekki lagt til grundvallar að yfir ákærða hafi vofað hættuleg árás af hendi brotþola, eins og ákærði hefur haldið fram. Þrátt fyrir að lagt verði til grundvallar að brotþoli hafi verið vopnaður járnrori er ekki talið sannað að ákærði hafi hent því að ákærða á sama tíma og ákærði úðaði og því verður ekki talið að viðbrögð ákærða sem áður var lýst hafi getað helgast af neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu verður slegið föstu að með háttsemi ákærða hafi hann brotið gegn 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur þrátt fyrir að neita sök ekki haldið uppi neinum vörnum hvað varðar vopnalagabrot það sem honum er einnig gefið að sök samkvæmt þessum ákærulið. Af hálfu ákærða var þó bent á að um sé að ræða úðavopn sem teljist vera með vægustu

úrræðum sem lögreglu sé heimilt að nota við skyldustörf. Að mati dómsins leikur enginn vafi á því að ákærða var óheimilt að hafa piparúða þann sem hann hefur viðurkennt að hafa beitt og haft í fórum sínum. Er sú háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður III.

Ákærði Guðni er í ákærulið III ákærður fyrir brot á lögreglulögum með því að hafa miðvikudaginn 2. september 2020, að [...], ekki sinnt ítrekuðum fyrirmælum lögreglumanna um að yfirgefa húsnæðið, í kjölfar afskipta vegna ákæruliðar nr. I, en ákærði var í kjölfarið handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Brot hans er talið varða við 19. gr., sbr. 44 gr., lögreglulaga nr. 90/1996.

Ákærði neitar sök. Ákærði kveðst hafa verið í fullum rétti til að neita því að yfirgefa húsnæðið sem réttmætur eigandi þess og hafi því ekki borið skylda til að verða við fyrirmælum lögreglu. Hins vegar hafi lögreglan með þessum fyrirmælum í raun veitt leigutaka ólögmet umráð húsnæðisins enda hafi brotþoli ekki greitt leigu fyrir ágúst og september 2020 og flutt úr húsnæðinu 22. september sama ár, eins og staðfest sé í framangreindum héraðsdómi í máli nr. [...].

Dómurinn hefur komist að þeirri niðurstöðu í ákærulið I að brotþoli, sem leigutaki, hafi þann 2. september 2020 enn verið umráðamaður hins leigða húsnæðis sem ákærði hafi ekki haft heimild til að fara inn í án samþykkis leigutaka. Er ljóst af gögnum málsins og framburði lögreglumanna á vettvangi að ákærði sinni ekki ítrekuðum fyrirmælum lögreglu, sem sett voru fram á grundvelli 19. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, um að yfirgefa húsnæðið. Samkvæmt þessu var lögreglu heimilt að handtaka ákærða samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. lögreglulaga í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu. Er háttsemi ákærða því réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

IV.

Ákærði Saraunas Raila er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 7. febrúar 2022, var ákærði dæmdur í skilorðsbundið fangelsi vegna þjófnaðar árið 2012. Ákærði er sakfelldur samkvæmt ákærulið I fyrir húsbrot í félagi við aðra, sem að jafnaði skal meta til refsíþyngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga sem skal skilorðsbundin eins og greinir í dómsorði.

Ákærði Dovydas Raila er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 7. febrúar 2022, hefur hann ekki gerst sekur um brot sem áhrif hafa á refsingu. Ákærði er sakfelldur samkvæmt ákæruliðum I fyrir húsbrot og II fyrir líkamsárás og vopnalagabrot. Brot samkvæmt ákærulið I framdi ákærði í félagi við aðra, sem að jafnaði skal meta til refsipýngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar er litið til þess að tjón það sem hlaust af háttsemi samkvæmt ákærulið II var ekki yfirgripsmikið, sbr. 2. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Er refsing fyrir öll brotin tiltekin með hliðsjón af 77. gr. laganna. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga sem skal skilorðsbundin eins og greinir í dómsorði.

Ákærði Guðni Björnsson er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 7. febrúar 2022, hefur hann ekki verið dæmdur til refsingar. Ákærði er sakfelldur samkvæmt ákærulið I fyrir húsbrot í félagi við aðra, sem að jafnaði skal meta til refsipýngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærði sakfelldur fyrir ákærulið III. Er refsing fyrir bæði brotin tiltekin með hliðsjón af 77. gr. laganna. Er til þess að líta að ákærði hefur ekki áður gerst sekur við refsilög. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga sem skal skilorðsbundin eins og greinir í dómsorði.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru svo og yfirlýsingar ákærða Dovydas um að hann fallist á upptökukröfu verður gerður upptækur svartur Pjeffer KO Jet piparúðabrúsi.

Á grundvelli sakfellingar ákærðu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærðu gert að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjenda sinna.

Ákærða Saraunas Raila verður gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, sem að teknu tilliti til umfangs málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda þykja hæfilega ákveðin 697.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærða Dovydas Raila verður gert að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, sem að teknu tilliti til umfangs málsins og með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda þykja hæfilega ákveðin 781.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærði Dovydas dæmist einnig til að greiða annan sakarkostnað, 61.726 krónur, vegna læknisvottorða sem afla þurfti vegna ákæruliðar II.

Ákærða Guðna Björnssyni verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Flygenring lögmanns, sem að teknu tilliti til umfangs máls og með

hliðsjón af tímaskýrslu verjanda þykir hæfilega ákveðin 753.300 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

María Thejll héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Gætt hefur verið að ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði Saraunas Raila sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Dovydas Raila sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Guðni Björnsson sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Saraunas greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, 697.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Dovydas greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 781.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og annan sakarkostnað að upphæð 61.726 krónur.

Ákærði Guðni Björnsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Flygenring lögmanns, 753.300 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Dovydas sæti upptöku á Pjeffer KO Jet piparúðabrúsa.